

Misskipting grefur undan lýðræði og hagvexti



Málstofa
í Hagfræðistofnun
Háskóla Íslands
12. september 2019

Þorvaldur Gylfason

Bakgrunnur I

- Misskipting tekna og eigna hefur að undanfögnu dregið til sín athygli hagfræðinga ...
 - Thomas Piketty: *Capital* (2014) o.fl. bækur, þ.m.t.
 - Angus Deaton: *Great Escape* (2013)
 - James Galbraith: *Inequality and Instability* (2012)
 - Branco Milanovic: *Worlds Apart* (2005) and *Global Inequality* (2016)
 - Raghuram Rajan: *Fault Lines* (2011)
 - Joseph Stiglitz: *Price of Inequality* (2013)
- ... og einnig stjórnámálamanna


Bakgrunnur II

- Betri lífskjör má ráða m.a. af því að fólk lifir mun lengur en áður
 - Meðalævin um heiminn hefur lengzt úr 53 árum 1960 í 72 ár 2017
- Misskipting meðal þjóða hefur minnkað með uppgangi Indlands og Kína, en misskipting innan ríkja hefur ágerzt frá 1980 (Milanovic 2016)
 - Frá 1980 til 2015 jókst hlutdeild ríkasta 1% heimilanna í
 - Þjóðartekjum fyrir skatt: úr 8% í 12% í Evrópu og 20% í BNA
 - Hreinum þjóðarauði: úr 20% í 40% í bæði Evrópu og BNA
 - Starfsmaður á gólfí var heilt ár að vinna sér inn meðaldaglaun forstjóra JPMorgan-bankans 2017


Bakgrunnur III

- Aukinn ójöfnuður hefur gerbreytt landslagi stjórnmálanna
 - Bernie Sanders er ekki lengur á útjaðri bandarískra stjórnmála
 - Donald Trump náði kjöri m.a. með því að höfða til fátækra kjósenda
 - Brezkir (enskir) kjósendur kusu að ganga úr ESB
- Lýðræði er undir álagi í Bandaríkjunum og Evrópu
 - Benjamin Page og Martin Gilens: *Democracy in America?* (2017)
 - Steven Levitsky og Martin Ziblatt: *How Democracies Die* (2018)
 - Yascha Mounk: *People vs. Democracy* (2018)
 - Timothy Snyder: *Road to Unfreedom* (2018)
 - David Runciman: *How Democracy Ends* (2018)

Yfirlit

- Skoðum samhengi tekjuskiptingar við þjóðartekjur á mann og helztu stærðir sem hafa áhrif á tekjur og vöxt þeirra
- Hagvöxtur er knúinn áfram með upphleðslu ferns konar fjármagns
 1. Raunverulegt fjármagn, þ.e. vélar og tæki – Upphleðsla
 2. Mannauður
 3. Náttúruauður
 4. Félagsauður
- Hér er lögð áherzla á félagsauð og fimm hliðar hans:
 - Lýðræði, jöfnuð, lög og rétt, gegnsæi og traust

Ferns konar fjármagn og hagvöxtur




Rauðar örvar lýsa
nýjum niðurstöðum
um jöfnuð

Bláar örvar lýsa fyrri niðurstöðum um fjölvæðingu

Grænar örvar lýsa
nýjum niðurstöðum um
traust

Frá félagsauði til vaxtar



Þrjú skref á langri leið

1. Skiptir fjölbreytni í efnahagslífi – þ.e. skipting framleiðslunnar milli atvinnuvega – máli fyrir þjóðartekjur?
 - Ef aukin fjölbreytni örvar framleiðslu getur það hjálpað okkur til að skilja hvers vegna þungt vægi náttúruauðlinda getur verið dragbítur á framleiðslu
 - Auðlindir sem blendin blessun
2. Skiptir fjölbreytni í stjórnámálum – þ.e. lýðræði öndvert einræði – máli fyrir fjölbreytni efnahagslífsins, þjóðartekjur og líf skjör?
 - Fjölvæðing efnahags- og stjórnámálalífs eru hliðstæðar aðferðir til að forðast samþjöppun, þ.e. forðast of mörg egg í einni körfu
3. Skiptir félagsauður – jöfnuður, lög og réttur, gegnsæi, traust – máli fyrir fjölbreytni efnahagslífsins, þjóðartekjur og líf skjör?


Tvenns konar fjölbreytni

1

- Theil-vísitala fjölbreytni útflutnings, komin frá AGS
 - Summan af fjölbreytni atvinnuveganna (nýjar afurðir eða nýir kaupendur) og fjölbreytni framleiðslunnar innan hvers atvinnuvegar fyrir sig (meiri útflutningur eldri afurða)
 - Gögnin ná yfir 1962-2010
 - Einungis varningur, þjónusta ekki talin með, ekki enn
- Polity2-vísitala lýðræðis
 - Komin frá stjórn málafræðingum í Háskólanum í Maryland
 - Nær frá -10 (harðsvírað einræði) upp í +10 (óskorað lýðræði)

Tvívætt fjölvæðing

- Tvær hliðar á sömu mynt
 - Fjölvæðing efnahagslífsins felur í sér fjölbreyttari framleiðslu til útflutnings og heimabruks og dregur úr vægi náttúruauðlinda
 - Fjölvæðing stjórnmálalífsins eflir lýðræði og dregur úr vægi þröngra hópa með því að færa vald til fólksins
 - Hvoru tveggja er ætlað að draga úr og dreifa áhættu




Frá fjölvæðingu til hagvaxtar

- Flestar þjóðir, einkum þær sem eru háðar fáeinum atvinnuvegum eða auðlindum, sækjast eftir aukinni fjölbreytni
 - Þær skoða fjölvæðingu sem leið til að draga úr áhættu í hagkerfinu, þ.e. hættu á of miklum sveifflugangi eða jafnvel hruni
 - Getur verið að fjölvæðing örvi hagkvæmni og hagvöxt? – með því að draga úr og dreifa áhættu og meðfylgjandi sveifflugangi
 - Hvað segja gögnin?
 - Skoðum nú tvíhliða fylgni nokkurra lykilstærða
 - Gerum okkur ekki von um tæmandi svör því þau útheimta vandlegri tölfræði sem erfitt er að segja hver ætti að vera þegar allar stærðir sem um er fjallað hanga saman eins og þær gera hér

Frá tvíhliða fjölvæðingu til tekna á mann


20/50-reglan

Fjölbreytni útflutnings 1962-2010 og
þjóðartekjur á mann 2016 (167 lönd)



8 – Theil-vísitala, fjölbreytni eykst frá vinstri til hægri.

Lýðræði og þjóðartekjur á mann 2016 (154 lönd)



Polity2-vísitala, lýðræði eykst frá vinstri til hægri.

Heimild: Útreikningar höfundar

20/50-reglan

- Aukning vísitölunnar um fjölbreytni útflutnings um 20% út eftir láréttum ás helzt í hendur við 50% aukningu þjóðartekna á mann upp eftir lóðréttum ás
- Aukning lýðræðisvísitölunnar um 20% út eftir láréttum ás helzt í hendur við 50% aukningu þjóðartekna á mann upp eftir lóðréttum ás

Gögnin virðast tala skýru máli

- Aukin fjölbreytni útflutnings stendur í skýru sambandi við kaupmátt þjóðartekna á mann frá einu landi til annars
 - Allar tiltækar fjölbreytnisvísitölur koma í sama stað niður
 - Ekkert fullyrt hér um orsök og afleiðingu
- Kannski ættu slíkar fjölbreytnisvísitölur heima meðal þeirra stærða sem notaðar eru til að skýra hagvöxt um heiminn frekar en þrengri mælikvarðar á vægi náttúruauðlinda í þjóðarbúskapnum svo sem tíðazt hefur
 - Þarfnast nánari skoðunar

Félagssauður: Gegnsæi

2

Democracy Dies In Darkness
The Washington Post

Lýðræði deyr í dimmu

Ný einkunnarorð *Washington Post* með nýjum eiganda Carl Bernstein sótti hugmyndina til Louis Brandeis hæstaréttardómara 1916-1939 sem sagði:

„Birta ... er bezta sótthreinsunarlyfið“


„Við getum búið við lýðræði í þessu landi eða við samþjöppun mikils auðs á fárra hendur, en við getum ekki búið við hvort tveggja í senn“

Freedom House lækkaði lýðræðiseinkunn BNA 2010

Hæstiréttur létti þá hömlum af fjárframlögum til stjórn mála

Hnignun Bandaríkjanna

Stjórnmalaréttindi og lýðfrelsi 2018




Bandaríkin: Hnignandi lýðræði frá 2010

Stjórnmalaréttindi og lýðfrelsi

Trajectory of the United States

The past year brought further, faster erosion of America's own democratic standards, damaging its credibility as a champion of good governance and human rights.



www.freedomintheworld.org

Note: U.S. aggregate score, on a scale of 0–100, from 2008–2017

Heimild: Freedom House.

Hvernig mælum við gegnsæi?

- Enginn sjálfstæður mælikvarði er til enn sem komið er
- Við skulum því nota spillingarvísitöluna frá Transparency International sem stendur í öfugu hlutfalli við spillingu
 - Hærri vísitala er ávísun á minni spillingu
 - Við skilgreinum því gegnsæisvísitöluna hér svo:


Gegnsæi = Spillingarvísitala

Heimild: Transparency International

Frá gegnsæi til tvíhliða fjölvæðingar

Gegnsæi 2012-2016 og fjölbreytni útflutnings
1962-2010 (159 lönd)


8 – Theil-vísitala fjölbreytni 1962-2012



Gegnsæisvísitala

Gegnsæi 2012-2016 og lýðræði 1960-2012
(158 lönd)

Lýðræðisvísitala 1960-2012



Gegnsæisvísitala

Heimild: Útreikningar höfundar

Félagsauður: Lög og réttur

3


- Veikt réttarkerfi getur grafið undan lýðræði og hagvexti
 - “... Mannréttindi, lög og réttur og lýðræði haldast í hendur og styðja hvert við annað ... og eru snar þáttur í algildum og ófrávíkjanlegum gildum og frumreglum Sameinuðu þjóðanna”

Yfirlýsing Allsherjarþings SP 24. september 2012


- Ný réttarkerfisvísitala er nú til í boði [World Justice Project](#), samsett úr umsögnum sérfræðinga og venjulegs fólks
 - Vísitalan er byggð m.a. á valdmörkum og mótvægi við ríkisvald, gegnsæi, virðingu fyrir mannréttindum og framfylgd laga
 - Nær ekki lengra aftur en til 2012

Frá lögum og rétti til tvíhliða fjölvæðingar

Lög og réttur 2012-2018 og fjölbreytni útflutnings 1962-2010 (110 lönd)



Lög og réttur 2012-2018 og lýðræði 1960-2012 (151 land)




Félagsauður: Traust

4

- Traust er enn annar þáttur félagsauðs
 - Ýmis merki um dvínandi traust milli manna
 - Robert Putnam *Bowling Alone* (2000)
 - Gallup-kannanir sýna einnig dvínandi traust til stofnana
 - Traust til Bandaríkjaþings minnkaði úr 42% 1972 í 12% 2017
 - Traust til forsetaembættisins minnkaði úr 52% 1975 í 32% 2017
 - Traust til banka í OECD-löndum minnkaði úr 55% 2007 í 46% 2015
- [World Values Survey](#) mældi traust milli manna 1981-2014
 - “Flestu fólki er treystandi” gegn “Nauðsynlegt er að sýna varúð”


Frá trausti til tvíhliða fjölvæðingar

Traust 1981-2014 og fjölbreytni útflutnings
1962-2010 (100 lönd)



Traust 1981-2014 og lýðræði 1960-2012
(98 lönd)


Lýðræðisvísitala 1960-2012




Heimild: Útreikningar höfundar

Frá trausti til jafnaðar og tekna á mann

Traust 1981-2014 og jöfnuður 1979-2016
(95 lönd)



Traust 1981-2014 og þjóðartekjur á mann 2016
(102 lönd)



Félagsauður: Ójöfnuður

5


- Misskipting getur grafið undan lýðræði og hagvexti
„Við getum búið við lýðræði í þessu landi eða við samþjöppun mikils auðs á fárra hendur, en við getum ekki búið við hvort tveggja í senn“
Louis Brandeis hæstaréttardómari 1916-1939
- Gini-vísitölur ójafnaðar frá Alþjóðabankanum
 - Ná yfir 1979-2016 í mesta lagi, yfirleitt mun skemmri tímabil
 - Forstjóralaun í BNA voru á við laun 23ja starfsmanna á gólfi 1978 og 221 starfsmanns 2018 meðan kaupmáttur venjulegra tímalauna stóð í stað

Ójöfnuður: Tvö atriði til umhugsunar


- Frá jöfnuði til hagvaxtar
 - Við metum eignir í tveim víddum, þ.e. afrakstur og áhættu
 - Við þurfum einnig að meta tekjur í tveim víddum, þ.e. athuga bæði meðaltekjur og dreifingu teknanna
 - Það er ekki nóg að hafa tölur um þjóðartekjur og ævilengd ef við höfum ekki jafnframt tölur um dreifingu tekna og langlífis milli manna
 - Einföld leiðrétting er $VPT^{leiðr} = VPT * (1 - Gini)$ – en þó ekki hér
 - Ójöfnuður var lengi vanræktur í þjóðhagfræði en á samt heima þar ef hann skiptir máli fyrir tekjur og vöxt þeirra
 - Hér skoðum við m.a. samhengið milli ójafnaðar og annarra hagstærða

Frá jöfnuði til tvíhliða fjölvæðingar

Jöfnuður 1979-2016 og fjölbreytni útflutnings 1962-2010 (146 lönd)



Jöfnuður 1979-2016 og lýðræði 1960-2012 (146 lönd)



100 – Gini-vísitala, jöfnuður eykst frá vinstri til hægri.

Félagsauður: Lýðræði


6

- Lýðræði helzt í hendur við aðra þætti félagsauðs frá einu landi til annars
 - Jöfnuður
 - Lög og réttur
 - Gegnsæi – þ.e. lítil spilling
 - Traust
- Lýðræði hefur víða átt undir högg að sækja frá 2006

Lýðræði á undanhaldi

Tólf ára hnignun lýðræðis


Number of countries that declined and improved in aggregate score, 2006—2017



www.freedomintheworld.org

Heimild: Freedom House


Frá einræði til lýðræðis 1800-2017



Frá jöfnuði til lýðræðis og hagvaxtar


Jöfnuður 1979-2016 og lýðræði 1960-2012
(146 lönd), aftur

Lýðræðisvísitala 1960-2012



Jöfnuður 1979-2016 og þjóðartekjur á mann 2016
(161 land)

Log VbT á mann 2016 (\$, ppp)



Heimild: Útreikningar höfundar

100 – Gini-vísitala, jöfnuður eykst frá vinstri til hægri.

Lærdómar handa Evrópu og Bandaríkjunum 7


- Fjölbreytni lætur ekki undan síga, sýnir engin merki þess
- Lýðræði sýnir hins vegar skýr merki um álag
 - Frá 2008 hefur Freedom House smám saman lækkað lýðræðiseinkunn BNA í 86 á móti 99 fyrir Kanada
 - Dómur Hæstaréttar 2010 afnam í reynd allar hömlur á fjárframlög til stjórnmalastarfsemi og stjórnmalamanna
 - Stjórnmalafraeðingar lýsa BNA nú sem færaeðisríki, fæveldi (e. oligarchy) sem brýtur með kerfislægum hætti gegn vilja almennings
 - Margir Evrópumenn og aðrir óttast þróun stjórnmalanna einkum í Póllandi og Ungverjalandi (e. illiberal democracy)
 - Uggvænlegar hliðstæður við 3. og 4. áratug 20. aldar
 - Misskipting hefur áður grafið undan lýðræði (Snyder 2018)

Rauðar örvar lýsa
nýjum niðurstöðum
um jöfnuð

Bláar örvar lýsa fyrri niðurstöðum um fjölvæðingu

Grænar örvar lýsa
nýjum niðurstöðum um
traust

Allt hangir saman



Niðurstaða: Þökkalegur jöfnuður og traust virðast haldast í hendur við lýðræði og hagvöxt **8**

- Jöfnuður og traust virðast haldast í hendur við vöxt og viðgang efnahagslífsins um heiminn
 - Jöfnuður í tekjuskiptingu helzt í hendur við fjölbreyttan útflutning, lög og rétt, gegnsæi, traust og lýðræði
 - Ólíkir þættir félagsauðsins leggjast á eitt
 - Allar þessar stærðir virðast örva efnahagslífið líkt og sparnaður, fjárfesting, menntun og heilsugæzla
 - Náttúruauðlindir geta þó snúizt á hvorn veginn sem er („blendin blessun“)
 - Þurfum einnig að gaumgæfa skiptingu auðs og heilbrigðis
 - Ríkir karlmenn í BNA (1% með mestar eignir) lifa að jafnaði 15 árum lengur en fátakir (1% með minnstar eignir) og ríkar konur 10 árum lengur en fátakar
 - Vitum minna um Evrópu enn sem komið er

Endir